

**VIÐAUKI I**  
**SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS**

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

## 1. HEITI LYFS

RAYVOW 50 mg filmuhúðaðar töflur  
RAYVOW 100 mg filmuhúðaðar töflur  
RAYVOW 200 mg filmuhúðaðar töflur

## 2. INNIHALDSLÝSING

### RAYVOW 50 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 50 mg af lasmidítani (sem súkkínat).

### RAYVOW 100 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 100 mg af lasmidítani (sem súkkínat).

### RAYVOW 200 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 200 mg af lasmidítani (sem súkkínat).

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

## 3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla (tafla).

### RAYVOW 50 mg filmuhúðaðar töflur

Ljósgrá, sporöskjulaga 8,9 x 4,9 mm tafla, merkt með „4312“ á annarri hliðinni og „L-50“ á hinn hliðinni.

### RAYVOW 100 mg filmuhúðaðar töflur

Ljósflóublá, sporöskjulaga 11,2 x 6,15 mm tafla, merkt með „4491“ á annarri hliðinni og „L-100“ á hinn hliðinni.

### RAYVOW 200 mg filmuhúðaðar töflur

Grá, sporöskjulaga 14,1 x 7,75 mm tafla, merkt með „4736“ á annarri hliðinni og „L-200“ á hinn hliðinni.

## 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 4.1 Ábendingar

RAYVOW er ætlað til bráðameðferðar á höfuðverk í mágreniköstum, með eða án fyrirboða hjá fullorðnum.

## 4.2 Skammtar og lyfjagjöf

### Skammtar

Almennt er mælt með upphafsskammtinum 100 mg af lasmidítani hjá fullorðnum til bráðameðferðar á mígreniköstum. Hægt er að auka skammtinn í 200 mg ef þörf krefur til að ná betri verkun eða minnka hann í 50 mg til að bæta þol.

Ef mígrenihöfuðverkurinn kemur fram á ný innan 24 klukkustunda eftir upphaflega svörun við töku 50 mg eða 100 mg af lasmidítani má taka annan skammt af sama styrkleika. Ekki má taka seinni skammtinn innan 2 klukkustunda eftir upphaflega skammtinn.

Ekki skal taka meira en 200 mg á sólarhring.

Ef sjúklingur svarar ekki fyrsta skammtinum er ólíklegt að annar skammtur geri gagn við sama kasti.

Lasmidítan má taka með eða án matar.

### *Aldraðir (> 65 ára)*

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá öldruðum sjúklingum (sjá kafla 5.2).

### *Skert nýrnastarfsemi*

Ekki er þörf á aðlögun skammta hjá sjúklingum með vægt, í meðallagi eða verulega skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 5.2).

### *Skert lifrarástarfsemi*

Ekki er þörf á aðlögun skammta hjá sjúklingum með vægt eða í meðallagi skerta lifrarástarfsemi. Notkun á lasmidítani hefur ekki verið rannsökuð hjá einstaklingum með verulega skerta lifrarástarfsemi og er því ekki ráðlögð hjá þessum hópi (sjá kafla 5.2).

### *Börn*

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun lasmidítans hjá börnum og unglingum á aldrinum 6 til <18 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Notkun lasmidítans á ekki við hjá börnum yngri en 6 ára til meðferðar á mígreni.

### Lyfjagjöf

Til inntöku.

## 4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

## 4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

### Áhrif á miðtaugakerfi og skert aksturshæfni

Lasmidítan hefur aukaverkanir á miðtaugakerfi. Í rannsókn með aksturshermi hjá heilbrigðum þátttakendum kom fram veruleg skerðing á aksturshæfni við notkun lasmidítans (sjá kafla 4.7). Ráðleggja skal sjúklingum að forðast akstur eða annað sem krefst aukinnar árvekni þar til minnst 8 klukkustundir eru liðnar frá töku hvers skammts af lasmidítani, jafnvel þótt þeim finnst þeir færir um slíkt. Sjúklingar sem ekki geta fylgt þessum fyrirmælum skulu ekki taka lasmidítan.

## Serótónínheilkenni

Greint hefur verið frá serótónínheilkenni og það getur komið fram við notkun lasmidítans eða þegar það er gefið samhliða meðferð með öðrum serótónvirkum lyfjum [t.d. sértækir serótónínendurupptökuhemlar (SSRI), serótónín-noradrenalinendurupptökuhemlar (SNRI), þríhringlaga þunglyndislyf (TCA) og mónóamínóoxíðasahemlar (MAO-hemlar)]. Klínísk reynsla af notkun lasmidítans og triptanlyfja með stuttu millibili er takmörkuð. Samleggjandi hætta á myndun serótónínheilkennis kann að vera til staðar. Einkenni serótónínheilkennis geta komið fram sem breyting á andlegu ástandi (t.d. æsingur, ofskynjanir, dá), einkenni frá ósjálfráða taugakerfinu (t.d. hraðtaktur, óstöðugur blóðþrýstingur, ofurhiti), einkenni frá tauga- og vöðvakerfi (t.d. ofviðbrögð, ósamræmi í hreyfingum) og/eða teikn og einkenni frá meltingarfærum (t.d. ógleði, uppköst, niðurgangur). Þessi aukaverkun getur verið alvarleg. Einkennin koma yfirleitt fram á fyrstu mínútunum eða klukkustundunum frá því að nýr eða stærri skammtur af serótónvirkum lyfi er tekinn. Ef gefa þarf samhliða meðferð með öðrum serótónvirkum lyfjum vegna sjúkdómsástands er ráðlegt að fylgjast með sjúklingnum, einkum í upphafi meðferðar og ef skammtar eru hækkaðir. Ef grunur um serótónínheilkenni liggur fyrir skal hætta meðferð með lasmidítani.

## Efni með slævandi áhrif á miðtaugakerfi

Þar sem lasmidítan getur valdið slævingu og öðrum vitsmunalegum og/eða taugageðrænum aukaverkunum skal nota lasmidítan með varúð ef það er notað samhliða áfengi eða öðrum efnum sem hafa slævandi áhrif á miðtaugakerfið.

## Möguleiki á misnotkun eða ofnotkun

Í rannsókn á hugsanlegri misnotkun hjá mönnum með þátttakendum sem voru félagslegir lyfjanotendur (e. recreational drug users) voru stakir 100 eða 200 mg skammtar af lasmidítani tengdir við meiri lyfjafíkn en lyfleysa. Í annarri rannsókn komu engar vísbendingar um líkamleg fráhvarfseinkenni fram hjá heilbrigðum þátttakendum eftir að lyfjagjöf var hætt skyndilega eftir 7 daga.

Meta skal sjúklinga með hliðsjón af áhættu á lyfjamisnotkun og fylgjast með teiknum sem benda til ofnotkunar eða misnotkunar á lasmidítani.

## Höfuðverkur vegna ofnotkunar lyfja (e. medication overuse headache, MOH)

Ofnotkun hvers kyns lyfja við höfuðverk getur gert höfuðverkinn verri. Ef slíkt tilvik kemur upp eða grunur leikur á því skal fá ráðleggingar hjá lækni og stöðva meðferðina. Íhuga skal greiningu á höfuðverk vegna ofnotkunar lyfja hjá sjúklingum sem fá oft eða jafnvel daglega höfuðverk þrátt fyrir (eða vegna) reglulegrar notkunar á höfuðverkjalyfjum.

## Natríum

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverri töflu, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

## **4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir**

### Lyf sem lækka hjartsláttartíðni

Lasmidítan hefur verið tengt við lækkun hjartsláttartíðni. Própranolól og lasmidítan lækkuðu hjartsláttartíðni saman um meðaltalshámarkið 19,3 slög á mínútu, þ.e. viðbótarlækkun um 5,1 slög á mínútu samanborið við própranolól eitt sér. Þetta ber að hafa í huga hjá sjúklingum þar sem slík lækkun getur verið áhyggjuefni, þ.m.t. hjá sjúklingum sem taka lyf sem lækka hjartsláttartíðni.

### Serótónvirk lyf

Samhliða gjöf á lasmidítani og lyfjum sem auka serótónín (t.d. SSRI-lyf, SNRI-lyf, þríhringlaga þunglyndislyf) geta aukið hættuna á serótónínheilkenni. Klínísk reynsla af notkun lasmidítans og

triptanlyfja með stuttu millibili er takmörkuð. Samleggjandi hætta á myndun serótónínheilkennis kann að vera til staðar. Ráðlagt er að gæta varúðar (sjá kafla 4.4).

#### Hugsanleg áhrif lasmidítans á önnur lyf

Dagleg gjöf á lasmidítani olli ekki breytingum á lyfjahvörfum mídazólams, koffeins eða tolbutamíðs, sem eru hvarfefni CYP3A, CYP1A2 og CYP2C9, í þeirri röð. Samhliða gjöf á lasmidítani og súmatriptani (hvarfefni MAO-A og OCT1) eða própранólóli (hvarfefni CYP2D6) leiddi ekki til breytinga á útsetningu fyrir þessum lyfjum sem skiptu máli. Eftir gjöf á stökum skammti af lasmidítani minnkaði kreatínínúthreinsun um nýru á 24 klukkustundum lítillega (11%) samanborið við lyfleysu, en án breytinga á gauksíunarhraða.

Lasmidítan er hemill á virkni P-gp (P-glycoprotein) og BCRP (breast cancer resistant protein) *in vitro*. Í rannsókn á milliverkunum lyfja jók lasmidítan altæka útsetningu fyrir dabigatrani (hvarfefni fyrir P-gp) sem gefið var samtímis um u.þ.b. 25%. Þegar RAYVOW er gefið samhliða hvarfefnum fyrir P-gp sem hafa þröngt lækningalegt bil (narrow therapeutic index) (svo sem digoxín) getur aukning á altækri útsetningu fyrir lyfinu sem gefið er samhliða því orðið nógu mikil til að skipta máli klínískt (sjá kafla 5.2). Í sömu rannsókn sást enginn marktækur munur á lyfjahvörfum rosuvastatíns (hvarfefni fyrir BCRP) þegar lyfið var gefið samhliða lasmidítani.

#### Hugsanleg áhrif annarra lyfja á lasmidítan

Engin breyting sást á lyfjahvörfum lasmidítans þegar lyfið var gefið samhliða dabigatran etexílati, rosuvastatíni, súmatriptani eða própранólóli. Með hliðsjón af umbrots- og úthreinsunarferli lyfsins er ólíklegt að CYP-hemlar eða CYP-örvar hafi áhrif á útsetningu fyrir lasmidítani og engar breytingar á lyfjahvörfum lasmidítans sást þegar það var gefið samhliða tópiramati (CYP3A4-örvi og CYP2C19-hemill).

### **4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf**

#### Meðganga

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun lasmidítans á meðgöngu. Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturvekanir á æxlun (sjá kafla 5.3). Áhrif lasmidítans á fósturþroska hjá mönnum eru ekki þekkt. Notkun RAYVOW er ekki ráðlögð á meðgöngu.

#### Brjóstagjöf

Lasmidítan og/eða umbrotsefni þess skildust út í mjólk hjá mjólkandi rottum (sjá kafla 5.3). Engar upplýsingar liggja fyrir um hvort lasmidítan finnist í móðurmjólk, áhrif lasmidítans á börn sem eru á brjósti eða áhrif lasmidítans á mjólkurframleiðslu.

Vega þarf og meta kosti brjóstagjafar fyrir barnið og ávinning meðferðar fyrir konuna og ákveða á grundvelli matsins hvort hætta eigi brjóstagjöf eða hætta/stöðva tímabundið meðferð með RAYVOW. Hægt er að lágmarka útsetningu hjá nýburum með því að forðast brjóstagjöf í 24 klukkustundir eftir meðferð.

#### Frjósemi

Ekki er þekkt hvort lasmidítan hafi áhrif á frjósemi manna. Dýrarannsóknir benda ekki til neinna áhrifa á frjósemi (sjá kafla 5.3).

### **4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla**

Lasmidítan hefur mikil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Aksturshæfni hefur verið metin með tölvustýrðum aksturshermi. Helsti mælikvarði verkunar var munurinn samanborið við lyfleysu á SDLP-kvarða (e. Standard Deviation of Lateral Position), sem er mælikvarði fyrir aksturshæfni. Gjöf á

stökum 50 mg, 100 mg eða 200 mg skömmtum af lasmidítani leiddi til verulegrar skerðingar á aksturshæfni þátttakenda 90 mínútum eftir skömmun. Í annarri rannsókn með 100 mg eða 200 mg af lasmidítani náði aksturshæfni ekki viðmiðum fyrir skerta hæfni 8 klukkustundum eða síðar eftir gjöf RAYVOW, þetta átti við um báðar skammtastærðirnar.

Ráðleggja skal sjúklingum að forðast athafnir sem krefjast aukinnar árvekni, svo sem akstur eða að stjórna vélum, þar til minnst 8 klukkustundir eru liðnar frá töku hvers skammts af lasmidítani, jafnvel þótt þeim finnist þeir færir um slíkt. Sjúklingar sem ekki geta fylgt þessum fyrirmælum skulu ekki taka lasmidítan (sjá kafla 4.4).

#### 4.8 Aukaverkanir

##### Samantekt á öryggi

Algengustu aukaverkanirnar sem koma fyrir eru sundl (19,9%), svefnhöfði (7,8%), þreyta (7,7%), náladofi (6,8%), ógleði (4,9%), svimi (2,6%), snertiskynsminnkun (2,5%), og vöðvaslen (2,3%). Flestar aukaverkanirnar voru skammtaháðar.

##### Tafla yfir aukaverkanir

Í eftirfarandi töflu eru aukaverkanir skráðar eftir líffæraflokki og tíðni samkvæmt flokkun MedDRA. Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst. Tíðnin er skilgreind á eftirfarandi hátt: Mjög algengar ( $\geq 1/10$ ), algengar ( $\geq 1/100$  til  $< 1/10$ ), sjaldgæfar ( $\geq 1/1.000$  til  $< 1/100$ ), mjög sjaldgæfar ( $\geq 1/10.000$  til  $< 1/1.000$ ).

**Tafla 1. Aukaverkanir**

| Flokkun eftir líffærum                   | Mjög algengar | Algengar                                                             | Sjaldgæfar                                                                                                    | Mjög sjaldgæfar    |
|------------------------------------------|---------------|----------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|
| <b>Ónæmiskerfi</b>                       |               |                                                                      | Ofnæmi                                                                                                        |                    |
| <b>Geðræn vandamál</b>                   |               | Svefntruflanir                                                       | Ringlun<br>Ofskynjanir<br>Sæluvíma<br>Kvíði<br>Eirðarleysi                                                    |                    |
| <b>Taugakerfi</b>                        | Sundl         | Skortur á samhæfingu<br>Náladofi<br>Snertiskynsminnkun<br>Svefnhöfði | Svefnþrungi<br>Einbeitingarskortur<br>Vitsmunaröskun<br>Truflun á andlegu ástandi<br>Skjálfti<br>Taltruflanir | Serótónínheilkenni |
| <b>Augu</b>                              |               | Sjónskerðing                                                         |                                                                                                               |                    |
| <b>Eyru og vöndarhús</b>                 |               | Svimi                                                                |                                                                                                               |                    |
| <b>Hjarta</b>                            |               | Hjartsláttarónot                                                     |                                                                                                               |                    |
| <b>Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti</b> |               |                                                                      | Mæði                                                                                                          |                    |
| <b>Meltingarfæri</b>                     |               | Uppköst<br>Ógleði                                                    |                                                                                                               |                    |
| <b>Stoðkerfi og bandvefur</b>            |               | Vöðvaslappleiki                                                      | Vöðvakrampi<br>Óþægindi í útlimum                                                                             |                    |
| <b>Almennar aukaverkanir</b>             |               | Einkennileg líðan<br>Þreyta                                          | Óþægindi fyrir brjósti                                                                                        |                    |

|                                    |  |            |                           |  |
|------------------------------------|--|------------|---------------------------|--|
| <b>og aukaverkanir á íkomustað</b> |  | Slappleiki | Hita- eða kuldatilfinning |  |
|------------------------------------|--|------------|---------------------------|--|

### Lýsing á völdum aukaverkunar

#### *Lækkun hjartsláttartíðni*

Í klínískum lyfjafræðirannsóknunum var lasmidítan tengt við lækkun hjartsláttartíðni um 5 til 10 slög á mínútu samanborið við lækkunina 2-5 slög á mínútu fyrir lyfleysu. Tíðni hægtaks (< 50 slög á mínútu og lækkun frá upphafsgildi  $\geq 15$  slög á mínútu) sem sást hjá þátttakendum sem fengu meðferð með lasmidítanum var 7% fyrir 50 mg, 3% fyrir 100 mg, 4% fyrir 200 mg og 1% fyrir lyfleysu.

#### *Blóðþrýstingshækkun*

Lyfjagjöf með stökum skammti af lasmidítanum getur leitt til skammvinnrar hækkunar á blóðþrýstingi. Hjá yngri fólki í hópi heilbrigðra sjálfbóðaliða kom fram meðaltalshækkun frá upphafsgildum slagbilsþrýstings og þanbilsþrýstings með sólarhringsmælingu sem var u.þ.b. 2 til 3 mm Hg einni klukkustund eftir gjöf á 200 mg af lasmidítanum. Til samanburðar var hækkunin 1 mm Hg fyrir lyfleysu. Hjá heilbrigðum sjálfbóðaliðum sem voru eldri en 65 ára var meðaltalshækkunin frá upphafsgildum slagbilsþrýstings, með sólarhringsmælingu, 7 mm Hg einni klukkustund eftir gjöf á 200 mg af lasmidítanum samanborið við meðaltalshækkunina 4 mm Hg fyrir lyfleysu. Eftir 2 klukkustundir sást engin hækkun á meðalblóðþrýstingi hjá þeim sem fengu lasmidítan í samanburði við þá sem fengu lyfleysu. Takmarkaðar klínískar upplýsingar liggja fyrir um notkun lasmidítans hjá sjúklingum með blóðþurrðarhjáðartasjúkdóm.

#### *Ofnæmi*

Ofnæmistilvik, þar með talin ofnæmisþjúgur, útbrot og ljósnæmisviðbrögð hafa komið fram hjá sjúklingum í meðferð með lasmidítanum. Í klínískum rannsóknum var tilkynnt um ofnæmi hjá 0,1% sjúklinga sem fengu meðferð með lasmidítanum samanborið við enga sjúklinga í lyfleysuhópnum; öll tilvikin voru væg eða miðlungsalvarleg og komu fram frá nokkrum mínútum til eins dags eftir gjöf á lasmidítanum. Ef alvarleg eða mikil ofnæmisviðbrögð koma upp skal veita viðeigandi meðferð og hætta gjöf á lasmidítanum.

#### *Sundl*

Sundl var algengasta aukaverkunin í klínískum rannsóknum, 19,9% sjúklinga tilkynntu hana. Þessi aukaverkun var yfirleitt væg eða miðlungsalvarleg (verulegt sundl 1,2%) og gekk sjálfkrafa til baka, miðgildistími þar til hún kom fram var 0,7 klukkustundir og miðgildi tímans sem hún varði voru 2 klukkustundir. Ekki var greint frá neinum slysum eða meiðslum hjá sjúklingum sem tilkynntu um sundl. Tíðni sjúklinga sem tilkynntu um sundl og aðrar algengar aukaverkanir lækkaði yfirleitt þegar um endurtekna skömmtun var að ræða.

### Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

## **4.9 Ofskömmtun**

Klínísk reynsla af ofskömmtun lasmidítans er takmörkuð. Í tilvikum sem greint hefur verið frá sem ofskömmtun voru aukaverkanir svipaðar þeim sem komu fram við minni skammta, þ.m.t. sundl, svefnhöfði, þreyta, náladofi og snertiskynsminnkun, en þau hafa ekki verið tengd við alvarlegri tilfelli eða aukna tíðni. Samt sem áður, og vegna þess að aukaverkanir geta komið fram við ofskömmtun, skal

fylgjast með sjúklingum með tilliti til teikna eða einkenna aukaverkana og hefja viðeigandi einkenameðferð. Ekkert móteitur við lasmidítani er þekkt.

## 5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Verkjalyf, mígrenislyf, ATC-flokkur: N02CC08

#### Verkunarháttur

Lasmidítan er 5-hýdroxýtriptamín 1F (5-HT<sub>1F</sub>) viðtakaörvi með mikla sækni sem kemst inn í miðtaugakerfið. Nákvæmur verkunarháttur þess er óþekktur en hins vegar er líklegt að meðferðaráhrif lasmidítans gegn mígreni feli í sér örvun á 5-HT<sub>1F</sub> viðtaka, minni losun taugapeptíða og hömlun á sársaukabrautum, þar með talið þrenndartaug.

#### Lyfhrif

Í *in vitro* rannsóknum á bindingu var sýnt fram á að lasmidítan hefur > 440-falda sértækni fyrir 5-HT<sub>1F</sub> viðtakann samanborið við 5-HT<sub>1B</sub> og 5-HT<sub>1D</sub> viðtakana. Lasmidítan veldur ekki þrengingu í kransæðum hjá mönnum *ex-vivo*, innri brjóstslagæðum manna *ex-vivo* eða mið-mengisslagæðum í mönnum *ex-vivo*, líklega vegna lítillar sækni þess við æðaprengjandi 5-HT<sub>1B</sub> viðtakann.

#### Raflífeðlisfræði hjartans

Í ítarlegri rannsókn á QT-bili var lasmidítan tengt við lækkun hjartsláttartíðni sem nam 6 slögum á mínútu í samanburði við lyfleysu og gjöf 400 mg skammts, sem er stærri en skammtar sem ætlaðir eru til meðferðar, benti til lengingar QTc-bils hjá konum. Greining á undirhópum benti til kynjatengds munar, þar sem lenging QTc-bils var meira áberandi hjá konum. Þar sem stærstu ráðlögðu skammtar eru takmarkaðir við 200 mg er þó ekki búist við neinum áhrifum sem skipta máli klínískt.

#### Verkun og öryggi

Verkun og öryggi lasmidítans hafa verið rannsökuð í þremur 3. stigs, slembiröðuðum, tvíblindum samanburðarrannsóknum með lyfleysu hjá fullorðnum sjúklingum (N = 5.910). Þátttakendur í rannsókninni voru sjúklingar á aldrinum 18 ára og eldri með 3 - 8 mígreniköst á mánuði og að minnsta kosti miðlungshamlandi mígreni eða skor á MIDAS-kvarða (Migraine Disability Assessment) ≥ 11.

#### *Rannsóknir á stökum köstum*

Þýðið sem tók þátt í rannsóknum á stökum köstum (SAMURAI og SPARTAN) var með konur í meirihluta (84%) og meðalaldurinn var 42,3 ár. Sjúklingarnir fengu að meðaltali 5,2 mígreniköst á mánuði síðustu 3 mánuðina fyrir skráningu í rannsóknina og meðaltal heildarskors á MIDAS-kvarða var 31,7. SAMURAI-rannsóknin útilokaði sjúklinga með þekkta kransæðasjúkdóma, klínískt mikilvægar hjartsláttartruflanir og ómeðhöndlaðan háþrýsting. Þetta var ekki gert í SPARTAN-rannsókninni. 78,3% sjúklinga voru með ≥ 1 áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdóma, þ.m.t. aldur > 40 (54,2%), lágt HDL-kólesteról (31,1%), háan blóðþrýsting/háþrýsting (21,3%), núverandi reykingar (14,3%), hátt heildarkólesteról (10,9%) og sögu um sykursýki (5,9%), til viðbótar við mígreni. 21,7% sjúklinga fengu ávísað fyrirbyggjandi lyfjum gegn mígreni og 37% höfðu tekið triptan-lyf innan 3 mánaða fyrir þátttöku í rannsókninni. Óþægilegasta einkennið að mati hvers sjúklings var ljósfælni (50,3%), ógleði (22,2%) og hljóðfælni (20,6%). Í þessum rannsóknum var annar skammtur af rannsóknarlyfinu eða öðru lyfi leyfður 2 til 24 klukkustundum eftir upphafsmeðferðina við þrálátu eða endurteknu mígreni.


Aðalendapunktur og helstu aukaendapunktur í báðum rannsóknum voru hlutföll sjúklinga án verkja og hlutföll sjúklinga án óþægilegasta einkennis síns, samanborið við lyfleysu 2 klukkustundum eftir meðferðina.

Báðar rannsóknirnar náðu aðalendapunktum sínum og helstu aukaendapunktum. Allir skammtar af lasmidítan sýndu fram á tölfræðilega og klínískt marktæka bætingu á hlutfalli sjúklinga sem fengu lausn frá verkjum, voru án óþægilegasta einkennis síns og náðu verkjastillingu (skilgreint sem lækkun á styrk verkja úr miðlungs eða verulegum við upphafsgildi í væga eða enga verki eða úr vægum verkjum í enga) 2 klukkustundum eftir meðferð (sjá töflu 2). Tíminn þegar verkjalausn náðist er sýndur á mynd 1; upphaf verkjastillingar fylgdi sama mynstri og lausn frá verkjum við 50 mg og 100 mg skammta, með frekari aðgreiningu frá lyfleysu fyrir 200 mg skammtinn þar sem verkjalausn varð fyrir, eða á 30 mínútum (17,7% fyrir 200 mg samanborið við 11,6% fyrir lyfleysu,  $p = 0,004$  í SAMURAI, 18,6% fyrir 200 mg samanborið við 14,7% fyrir lyfleysu,  $p = 0,014$  í SPARTAN).

**Tafla 2. SAMURAI og SPARTAN: Samantekt á upplýsingum um verkun**

|                                                 | SAMURAI    |         |          | SPARTAN    |         |         |          |
|-------------------------------------------------|------------|---------|----------|------------|---------|---------|----------|
|                                                 | lasmidítan |         | Lyfleysa | lasmidítan |         |         | Lyfleysa |
|                                                 | 100 mg     | 200 mg  |          | 50 mg      | 100 mg  | 200 mg  |          |
| Verkjalaus eftir 2 klukkustundir                |            |         |          |            |         |         |          |
| N                                               | 503        | 518     | 524      | 556        | 532     | 528     | 540      |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                  | 28,2       | 32,2    | 15,3     | 28,6       | 31,4    | 38,8    | 21,3     |
| p-gildi                                         | < 0,001    | < 0,001 |          | 0,006      | < 0,001 | < 0,001 |          |
| Án óþægilegasta einkennis eftir 2 klukkustundir |            |         |          |            |         |         |          |
| N                                               | 469        | 481     | 488      | 512        | 500     | 483     | 514      |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                  | 40,9       | 40,7    | 29,5     | 40,8       | 44,2    | 48,7    | 33,5     |
| p-gildi                                         | < 0,001    | < 0,001 |          | 0,018      | < 0,001 | < 0,001 |          |
| Verkjastilling eftir 2 klukkustundir            |            |         |          |            |         |         |          |
| N                                               | 562        | 555     | 554      | 598        | 571     | 565     | 576      |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                  | 54,1       | 54,6    | 39,2     | 55,5       | 59,7    | 60,7    | 44,9     |
| p-gildi                                         | < 0,001    | < 0,001 |          | < 0,001    | < 0,001 | < 0,001 |          |

**Mynd 1. Hlutfall sjúklinga sem náðu verkjalausn frá mígreni innan 2 klukkustunda í SAMURAI og SPARTAN.**



‡ Tölfræðilega marktækt fyrir 200 mg LTN samanborið við lyfleysu; † Tölfræðilega marktækt fyrir 100 mg LTN samanborið við lyfleysu; \* Tölfræðilega marktækt fyrir 50 mg LTN samanborið við lyfleysu

Skammstafanir: LTN = lasmidítan

*Rannsókn á sambærilegri, endurtekinni verkun (consistency)*

Í rannsókn sem lagði mat á samkvæmni verkunar fengu sjúklingar meðferð með lasmidítani 100 mg, 200 mg eða samanburðartöflu í 4 mígreniköstum (CENTURION). Sjúklingar í samanburðarhópnum fengu stakan 50 mg skammt af lasmidítani annaðhvort til meðferðar á þriðja eða fjórða kasti og lyfleysu í hinum köstum. Þýðið sem tók þátt í rannsóknunum var með konur í meirihluta (84%) og meðalaldurinn var 41,4 ár. Sjúklingarnir fengu að meðaltali 4,9 mígreniköst á mánuði í 3 mánuði fyrir skráningu í rannsóknina og meðaltal heildarskors á MIDAS-kvarða var 31,9. Rannsóknin útilokaði ekki sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma og 58,5% sjúklinga voru með  $\geq 1$  áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdóma, þ.m.t. aldur  $> 40$  (52,8%), hátt heildarkólesteról (10,8%), háan blóðþrýsting/háþrýsting (16,9%) og sögu um sykursýki (3,1%), til viðbótar við mígreni. 28,8% sjúklinga fengu á sama tíma ávísað fyrirbyggjandi lyfjum gegn mígreni og 65,0% höfðu áður tekið triptan-lyf. Öpægilegasta einkennið að mati hvers sjúklings var ljósfælni (39,7%), ógleði (31,9%) og hljóðfælni (19,3%).

Samsettu aðalendapunkturarnir voru hlutfall sjúklinga sem náðu verkjalausn 2 klukkustundum eftir skammt eftir fyrsta kastið og sjúklinga sem voru verkjalausir í að minnsta kosti 2 af 3 köstum, samanborið við lyfleysu.

Rannsóknin náði aðalendapunkti sínum og öllum helstu aukaendapunktum. Bæði 100 mg og 200 mg skammtarnir af lasmidítani sýndu fram á tölfræðilega og klínískt marktæka bætingu á hlutfalli sjúklinga sem fengu lausn frá verkjum, náðu verkjastillingu (lækkun á alvarleika verkja úr miðlungs eða alvarlegum við upphafsgildi í væga eða enga verki eða úr vægum verkjum í enga), voru án öpægilegasta einkennis síns 2 klukkustundum eftir meðferð og viðhéldu verkjalausn eftir 24 klukkustundir (sjá töflu 3). Tíminn þegar verkjalausn náðist er sýndur á mynd 2. Verkjastilling fylgdi sama mynstri og lausn frá verkjum við 50 mg og 100 mg skammta og kom fyrr fram á 30 mínútum fyrir 200 mg skammtinn (22,4% fyrir 200 mg samanborið við 14,0% fyrir lyfleysu,  $p = 0,001$ ).


Báðir skammtarnir sýndu fram á samkvæmni verkunar með tölfræðilega og klínískt marktækri bætingu á hlutfalli sjúklinga sem náðu verkjalausn og verkjastillingu í að minnsta kosti 2 af 3 köstum (sjá töflu 3).

**Tafla 3. CENTURION: Samantekt á upplýsingum um verkun**

|                                                                                     | lasmidítan     |                |                |
|-------------------------------------------------------------------------------------|----------------|----------------|----------------|
|                                                                                     | 100 mg         | 200 mg         | Lyfleysa       |
| <b>Endapunktur fyrir stök köst (ITT)</b>                                            | <b>N = 419</b> | <b>N = 434</b> | <b>N = 443</b> |
| <b>Verkjalausn 2 klukkustundum eftir skammt í fyrsta kasti</b>                      |                |                |                |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                                                      | 25,8           | 29,3           | 8,4            |
| p-gildi samanborið við lyfleysu                                                     | < 0,001        | < 0,001        |                |
| <b>Verkjastilling 2 klukkustundum eftir skammt í fyrsta kasti</b>                   |                |                |                |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                                                      | 65,4           | 65,2           | 41,3           |
| p-gildi samanborið við lyfleysu                                                     | < 0,001        | < 0,001        |                |
| <b>Verkjalausn viðhaldið í allt að 24 klukkustundir eftir skammt í fyrsta kasti</b> |                |                |                |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                                                      | 13,6           | 17,3           | 4,3            |
| p-gildi samanborið við lyfleysu                                                     | < 0,001        | < 0,001        |                |
| <b>Án óþægilegasta einkennis 2 klukkustundum eftir skammt í fyrsta kasti</b>        | <b>N = 376</b> | <b>N = 395</b> | <b>N = 396</b> |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                                                      | 40,4           | 39,0           | 28,0           |
| p-gildi samanborið við lyfleysu                                                     | < 0,001        | 0,001          |                |
| <b>Endapunktur samkvæmni (samkvæmni ITT)</b>                                        |                |                |                |
| <b>Verkjalausn 2 klukkustundum eftir skammt í a.m.k. 2 af 3 köstum</b>              | <b>N = 340</b> | <b>N = 336</b> | <b>N = 373</b> |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                                                      | 14,4           | 24,4           | 4,3            |
| p-gildi samanborið við lyfleysu                                                     | < 0,001        | < 0,001        |                |
| <b>Verkjastilling 2 klukkustundum eftir skammt í a.m.k. 2 af 3 köstum</b>           | <b>N = 332</b> | <b>N = 333</b> | <b>N = 320</b> |
| Fjöldi sem svaraði meðferð (%)                                                      | 62,3           | 66,7           | 36,9           |
| p-gildi samanborið við lyfleysu                                                     | < 0,001        | < 0,001        |                |

Skammstafanir: ITT = meðferðarþýði (intent to treat)

## Mynd 2. Hlutfall sjúklinga sem náðu verkjalausn frá mígreni innan 2 klukkustunda í CENTURION.



‡ Tölfræðilega marktækt fyrir 200 mg LTN samanborið við lyfleysu; † Tölfræðilega marktækt fyrir 100 mg LTN samanborið við lyfleysu  
Skammstafanir: LTN = lasmidítan

### Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á RAYVOW hjá einum eða fleiri undirhópum barna við meðferð við mígrenishöfuðverk (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

## 5.2 Lyfjahvörf

### Frásög

Eftir inntöku frásogast lasmidítan hratt með miðgildi  $t_{max}$  sem er 1,8 klst. Ekki var munur á lyfjahvörfum lasmidítans hjá sjúklingum með mígreni meðan á mígrenikasti stóð samanborið við tímabilið á milli kasta. Á klíniska skammtabilinu 50 til 200 mg er nýting talin vera 50% til 58% byggt á niðurstöðum úr þýðisgreiningu á lyfjahvörfum. Gjóf lasmidítans samhliða fituríkri máltíð hækkaði meðalgildi  $C_{max}$  um 22% og meðalgildi AUC um 19% fyrir lasmidítan og seinkaði meðalgildi  $t_{max}$  um 1 klukkustund. Ekki er búist við að þessi munur á útsetningu hafi klínískt marktæka þýðingu. Lasmidítan var gefið án tillits til fæðu í rannsóknum á klínískri verkun.

### Dreifing

Próteinbinding lasmidítans í plasma hjá mönnum er u.þ.b. 55% til 60% og óháð þéttni á bilinu 15 til 500 ng/ml. Áætlað meðaldreifingarrúmmál var 304 l.

### Umbrot

Lasmidítan umbrottnar bæði í lifur og utan lifrar að mestu leyti fyrir tilstilli annarra ensíma en CYP-ensíma, aðalumbrotsferlið er afoxun ketóna yfir í S-M8. Eftirfarandi ensím tóku ekki þátt í umbrotum

lasmidítans: MAO-A, MAO-B, flavínmonóoxýgenasi 3, CYP450-redúktasi, xantínoxíðasi, alkóhóldehýdrógenasi, aldehýðdehýdrógenasi og aldó-ketóredúktasi.

Lasmidítan er einnig oxað á píperidínhringnum í M7. Miðað við lasmidítan eru umbrotsefnin lyfjafræðilega óvirk. Lasmidítan er hvarfefni P-gp *in vitro*.

Lasmidítan og helstu umbrotsefni þess eru örvar CYP-ensíma *in vitro*. Lasmidítan hamlar CYP2D6 *in vitro*. Lasmidítan og helstu umbrotsefni þess eru ekki hemlar á MAO-A. Lasmidítan hamlar P-gp-, BCRP- og OCT1-útflæðisferjupróteinum *in vitro*. Lasmidítan hamlar OCT2-, MATE1- og MATE2-K-nýrnaferjupróteinum *in vitro*.

Rannsókn á klínískum milliverkunum bendir til þess að lasmidítan sé vægur hemill á virkni P-gp (sjá kafla 4.5).

### Brotthvarf

